

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/202
komudagur 16.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. (41.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér framtalsskyldu vegna skuldaeftirgjafar.

Ofangreint frumvarp mælir fyrir um bráðabirgðaákvæði í lög um tekjuskatt sem skyldar framtalsskylda aðila til að telja fram alla eftirgjöf skulda, hvort sem hún er talin til tekna eður ei. Frumvarpið er sett fram til að mæta þeirri tortryggni sem vaknað hefur vegna skuldaeftirgjafar og þeirri leynd sem hefur ríkt í kringum slíka eftirgjöf. Rétt er að leynd getur ýtt undir tortryggni sem seinkar ferlinu í heild, gagnsæi er vissulega mikilvægt og sérstaklega á tímum uppbyggingar, byggja verður grunn undir samfélag sem lært hefur á reynslu en endurtekur ekki fyrri mistök.

Hins vegar verður að skoða vel þá aðferðarfræði sem lögð er til. Sú upplýsingaöflun sem um ræðir hefur í raun ekkert með skattamál að gera og því ekki eðlilegt að skattframtal aðila sé vettvangur hennar og því þá heldur að ákvæði sem þetta eigi heima í lögum um tekjuskatt. Ekki getur það heldur talist eðlilegt að upplýsingar sem þessar séu sóttar með beinum hætti í framtal aðila. Fram að þessu hefur almennt séð ekki verið hægt að sækja upplýsingar um einstaka liði í framtölum, aðeins reikningslegar upplýsingar. Ekki verður séð að mikilvægi þessara upplýsinga sé slíkt að það réttlæti breytingar á þeim starfsháttum. Réttara væri að þessara upplýsinga væri leitað með öðrum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái ekki fram að ganga en að leitast verði annarra leiða til að fá fram þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands